



**Skútustaðahreppur**

**Pistill  
sveitarstjóra**

Þorsteinn Gunnarsson



## **14. desember 2016 – Pistill nr. 3**

Dásamlegt var að upplifa síðustu helgi í Mývatnssveit, jólasveinarnir í Dimmuborgum eru líflegir og skemmtilegir, líf og fjör var í Jarðböðunum og fjöldi fólks fylgdist með jólasveinunum skella sér í bað. Einnig var fjölbreyttur handverksmarkaður. Hátíðleg stund var í Reykjahlíðakirkju á sunnudagskvöldið, svo eitthvað sé nefnt. Aðventan er sannarlega lífleg í Mývatnssveit.

### **Fjárhagsáætlun**

Af málefnum sveitarfélagsins er það helst að fréttu að fjárhagsáætlun næsta árs var samþykkt á sveitarstjórnarfundum í morgun. Fjárhagsáætlunin er unnin út frá markmiðum sem sveitarstjórn setti sér á 42. fundi þann 12.10.2016 en þau eru:

*Árin 2017 - 2020. Rekstur A-hluta sveitarfélagsins verði í jafnvægi, þ.e. skatttekjur og þjónustutekjur standi undir rekstri málaflokka og sjóða A-hluta. Jákvæð*

rekstrarniðurstaða samstæðu, þ.e. A- og B-hluta, sem jafnframt standi undir framkvæmdum án lántöku þannig að skuldahlutfall fari undir 50% á tímabilinu.

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð útgjöld vegna rekstrar A- og B hluta ekki vera hærrí en sem nemur reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili.

Áætlunin 2017 gerir ráð fyrir ágætis jafnvægi í rekstri sem má rekja til hagræðingar í rekstri og aukinna tekna en lífeyrisskuldbindingar og hækkun launa hækka rekstrarkostnaðinn talsvert. Heildartekjur samstæðunnar (A+B hluta) nemi 462 milljónum, þar af nemi tekjur A-hluta 427 milljónum. Rekstrargjöld samstæðu fyrir fjármagnsliði nemi 407 milljónum, þar af nemi rekstrargjöld A-hluta 385 milljónum.

Fjármagnsliðir nettó þ.e. fjármagnsgjöld nemi 4,2 milljónum. Rekstrarniðurstaða samstæðu verði jákvæð um rétt rúmar 50 millj. kr., þar af verði rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 42,5 milljónir. Veltufé frá rekstri samstæðu nemi 18,4% og handbært fé frá rekstri samstæðu nemi 83,4 millj. kr. Skuldahlutfall samstæðu nemi 47,7%. Framlegðarhlutfall er áætlað 16,8%. Ekki er gert ráð fyrir nýjum langtímalántökum á árinu og verða langtímaskuldir greiddar niður um 8,3 milljónir króna. Samkvæmt þessu nást markmiðin sem sveitarstjórnin hefur sett sér.

Útsvar og fasteignaskattur verður óbreytt en almennar gjaldskrár hækka um 4% nema að gjaldskrá fyrir sorphirðu lækkar. Þá verður áfram heimiluð gjaldfrjáls fjögurra vikna samfelld frítaka utan lokunartíma leikskóla sem þó nokkrir foreldrar hafa nýtt sér og hentar vel í þessu sveitarfélagi.

Á næsta ári er áætlað að ráðast í talsvert viðhald á fasteignum sveitarfélagsins en þar er undirliggjandi þörf, einnig í lóðaframkvæmdir við leikskóla og grunnskóla, hitaveituframkvæmdir, gatnagerð o.fl. Stærsta

fjárfestingin er í síðasta áfanga á gámaplani. Í janúar á næsta ári verður boðið upp á akstur í félagsstarf eldri borgara á fimmtudögum. Þá verður skoðað í samstarfi við foreldra að bjóða upp á frístundapjónustu eftir að skólatíma lýkur hjá grunnskólanum frá og með næsta hausti. Þá lækkar gjaldskrá fyrir sorphirðu. Sveitarfélagið stefnir að því að selja hluti sína í hlutafélögum á næsta ári. Tilgangurinn er að borga niður skuldir sveitarfélagsins. Stefnt er að því að selja eitt einbýlishús í eigu sveitarfélagsins á næsta ári.

Í þriggja ára áætlun 2018-2020 er gert ráð fyrir jafnvægi í rekstri og jákvæðri afkomu samstæðunnar á öllum árum áætlunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir lántökum á tímabilinu og því verður unnið að hagræðingu í rekstri með það að markmiði að greiða niður skuldir og jafnvel myndist svigrúm til lækkunar útsvars og/eða fasteignagjalda. Þó ber þess að geta að nokkur óvissa ríkir um fjárfestingar og viðhald og verður fjárfestingaþörfin því endurmetin árlega á gildistíma áætlunarinnar.



### Orkusalan gefur hleðslustöð fyrir rafbíla

Fulltrúar Orkusölnunnar komu færandi hendi á dögnum í Skútustaðahrepp. Orkusalan hefur ákveðið að gefa öllum sveitarfélögum á landinu hleðslustöð fyrir rafbíla en með framtakinu er ætlun fyrirtækisins að auðvelda rafbílaeigendum að ferðast um landið en til

Þessa hefur það verið illmögulegt vegna fárra hleðslustöðva á landinu.

Hafliði Ingason sölustjóri og Friðrik Valdimar Árnason orkuráðgjafi hjá Orkusölnni komu með hleðslustöðina sem ekki fer mikið fyrir. Þeir segja að með þessu sé verið að ýta mikilvægum bolta af stað, sýna samfélagslega ábyrgð og skila þannig sínu í innviði landsins. „Við gerum þetta með virðingu fyrir náttúrunni að leiðarljósi en því meiri sem notkun á rafbílum er því minni er útblásturinn og er það auðvitað mjög gott mál. Þetta eru í kringum 80 stöðvar sem við gefum, verkefnið er komið í fullan gang,“ segir Hafliði.

Næsta skref er að ákveða hvar hleðslustöðin verður staðsett. Áhugasömum aðilum er velkomið að hafa samband.



### **Framkvæmdir hafnar við Klappahraun**

Hafnar eru gatnagerðaframkvæmdir í nýju götunni í Reykjahlíð sem nefnist Klappahraun en þetta er fyrri áfangi götunnar. Samið var við Jón Inga Hinriksson verktaka um framkvæmdina. Þegar er búið að úthluta alls 9 íbúðum í raðhúsum til fyrirtækja í ferðaþjónustu sem ætla að byggja íbúðir fyrir starfsfólk sitt. Á skipulagi eru einnig tvö einbýlishús og hafa þegar borist fyrirspurnir. Er ákaflega gleðilegt að sjá fram á þessa uppbyggingu í Reykjahlíð.

### **Gámasvæðið - innleiðing**

Nú styttest í að nýja gámasvæðið í landi Grímsstaða verði tekið í notkun en þetta er þróunarverkefni unnið í samstarfi við Gámaþjónustuna. Búið er að setja gámana á sinn stað og verið er að undirbúa innleiðinguna og reglur um innheimtu. *Nánari leiðbeiningar verða sendar út fljótlega.*

Hluti nýs sorphirðukerfis hefur verið starfræktur síðan í júlí. Í fyrsta hluta innleiðingar var unnið að því að leysa úrgagnsmál rekstraraðila. Áður voru rekstraraðilar inni í kerfi sveitarfélagsins og greiddu sorphirðugjöld eftir reglum sem sveitarfélagið setti en endurspeglaði e.t.v. ekki raunkostnað. Nú eiga rekstraraðilar að standa straum af sorpkostnaði sem fellur til í þeirra rekstri sjálfir án aðkomu eða milligöngu sveitarfélagsins. Þessi breyting hefur gengið vel og eru allflestir komnir með lausnir sem henta.. Næsta skref var að tunnuvæða heimilin. Þrjár tunnur voru settar á hvert heimili og gerð krafa um að flokka frá sorpinu pappírsefni, plastumbúðir og málmumbúðir. Þetta hefur gengið vel og vill Gámaþjónustan þakka Mývetningum fyrir hversu vel þeir flokka ruslið. Nú er sem sagt komið að því að innleiða þriðja áfanga sem er opnun á gámasvæði í sveitarfélaginu. Í landi Grímsstaða var hafist handa nú í haust við að útbúa gámasvæði. Ekki tókst að klára það verk alveg. Eftir er að steypa við rampa, setja upp lýsingu, varanlega girðingu og fleira smálegt sem gerir aðgengi og ásýnd betri. Nóg hefur samt verið framkvæmt til þess að hefja notkun og hefur ílátum fyrir allskyns úrgangsflokka verið komið þar fyrir ásamt merkingum. Markmið með byggingu gámasvæðis er að ná betri stýringu á úrgangsmálum og auka flokkun. Töluverðir fjármunir geta sparast með því að flokka vel og koma úrgangi í sem hagkvæmastan og



umhverfisvænan farveg eins og kostur er á hverjum tíma. Miklar vonir eru bundnar við að vel takist til og að íbúar og gestir gangi vel um og flokki „rétt“. Starfsmaður sveitarfélagsins verður á opnunartíma gámasvæðisins til aðstoðar.

### Ýmislegt

Sveitarstjóri hefur átt ýmsa fundi frá síðasta sveitarstjórnarfundi og unnið að fjölbreyttum málefnum í samstarfi við starfsfólk og sveitarstjórnarfólk. Þar má nefna forstöðumannafund, hluthafafund í Mývatnsstofu, með fulltrúum Markaðsstofu Norðurlands, stjórn Fjarskiptafélags Mývatnssveitar, fulltrúum Icelandair hotels, endurskoðendum sveitarfélagsins, Héraðsskjalasafni Þingeyinga, Gámaþjónustunni o.fl.

Þá sat ég áhugaverðan fund Eypings og Orkustofnunar um raforkumál á Norðurlandi eystra. Ljóst er að flutningsgeta raforkukerfisins á svæðinu er veik og huga þarf að innviðum.

Þá sat ég samráðsfund lögreglu og sveitarstjórna á svæðinu á Akureyri. Þar kom m.a. fram að í sumar fékk embættið aukafjárveitingu til að sinna auknu umferðareftirliti, m.a. í Mývatnssveit, vegna mikillar aukningar ferðamanna á svæðinu. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir slíkri aukafjárveitingu á næsta ári sem er áhyggjuefni. Innan sveitarstjórnar Skútustaðahrepps hefur á þessu ári verið unnið að endurskoðun lögreglusamþykktar m.a. til að skerpa á reglum um gistingu í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum á almannafæri innan lögsagnarumdæmis Skútustaðahrepps, utan sérmerktra svæða.



### Fjöregg kom færandi hendi

Á leið minni á bókasafnið í síðustu viku var Fjöregg þar á ferð og gaf Bókasafni Skútustaðahrepps bækur og tímarit sem öll fjalla á einn eða annan hátt um íslenska náttúru eða umhverfismál. Þá var boðið upp á kaffi og kakó. Við þökkum kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

### Laus störf og fleira

Ég minni á að ýmis laus störf eru auglýst þessa dagana hjá sveitarfélaginu. Umsóknarfrestur er til 16. des. n.k. fyrir þau flest, nema að frestur til að sækja um starf skrifstofufulltrúa er til 18. des. Sjá nánar á [www.myv.is](http://www.myv.is) Hér er stiklað á stóru. Ég vil enn og aftur ítreka þakki fyrir góðar móttökur síðan ég kom í Mývatnssveit. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Ég vil nota tækifærið að lokum og þakka Guðrúnu Brynleifsdóttur fyrir ánægjulegt samstarf en hún er hætt sem sveitarstjórnarfulltrúi vegna búferlaflutninga.

*Bestu kveðjur  
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri*